

Erindisbréf fyrir fulltrúa foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar

Fulltrúi foreldra situr í skóla- og frístundaráði í samræmi við 6 gr. laga um grunnskóla nr. 91 frá 12. júní 2008 með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi foreldra hefur ekki atkvæðisrétt.

Stjórn SAMFOK kemur sér saman um fulltrúa og varafulltrúa foreldra grunnskólaforeldra í skóla- og frístundaráði og skal hann koma úr stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins, skv. 7 gr. laga SAMFOK frá 12. maí 2014.

Fulltrúa foreldra í skóla- og frístundaráði (S.F.R.) er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem hann verður áskynja um í starfi sínu sem fulltrúi í SFR. Honum er óheimilt að greina frá opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum, skv. 7. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar frá 20. september 2011.

Fulltrúi foreldra í S.F.R. skal starfa í samræmi við stefnu SAMFOK og samkvæmt erindisbréfi þessu. Hlutverk fulltrúa grunnskólaforeldra í S.F.R. er eftirfarandi:

- Hann er fulltrúi foreldra og forráðamanna allra grunnskólabarna í Reykjavík.
- Honum er ætlað að gæta hagsmuna allra grunnskólabarna. Hann tekur virkan þátt í umræðum og kemur á framfæri álit og skoðunum með það að leiðarljósi að nýta þennan vettvang til að stuðla að jákvæðum breytingum og úrbótum til hagsbóta fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur.
- Hann tekur mið af könnunum á líðan, viðhorfum og námsárangri nemenda sem fyrir liggja. Ennfremur þeim könnunum sem fyrir liggja á viðhorfum foreldra og nemenda til skólastarfsins og fleiri sambærilegum könnunum sem varða skólastarf.
- Honum ber að hafa í huga þær umræður og viðhorf sem fram koma á fundum með foreldrum og nemendum, og þeim erindum sem honum berast.
- Hann fylgir eigin sannfæringu eftir að hafa kynnt sér sem flest sjónarmið.
- Fulltrúi foreldra ber að upplýsinga stjórn SAMFOK um niðurstöður ráðsfunda á stjórnarfundum og taka upp á stjórnarfundum, ef kostur er, þau málefni sem hann hyggst leggja fram á fundum SFR.
- Honum ber að halda saman bókunum og tillögum fulltrúa foreldra í skóla- og frístundaráði og sjá til þess að þær eru birtar á heimasíðu SAMFOK til að auðvelda miðlun upplýsinga til baklandsins.